



Nefndasvið Alþingis  
Efnahags- og viðskiptanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Sauðárkróki 9. apríl 2021

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki (innleiðing evrópskra gerða og endurbótaáætlanir), 642. mál.**

Byggingastofnun hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingum á lögum um fjármálafyrirtæki (innleiðing evrópskra gerða og endurbótaáætlanir), þingskjal 1104, 642. mál.

Þann 15. mars sendi Byggingastofnun umsögn um málið í samráðsgátt stjórnvalda þar sem sagði m.a.:

*„... Frumvarpinu er annars vegar að gera ráðherra og Seðlabanka Íslands kleift að innleiða reglugerðir Evrópusambandsins um fjármálafyrirtæki og hins vegar að undanþiggja Byggingastofnun og Lánasjóð sveitarfélaga ákvæðum um endurbótaáætlanir.*

*Byggingastofnun er ekki hefðbundinn banki eða verðbréfafyrirtæki heldur lánastofnun í eigu ríkisins sem gegnir lögbundnu hlutverki samkvæmt lögum nr. 106/1999, með síðari breytingum.*

*Byggingastofnun lýsir því stuðningi við frumvarpið enda telur stofnunin mikilvægt að gætt sé að sérstöðu hennar innan fjármálageirans og að þess sé gætt að íþyngjandi kröfur sem gerðar eru til kerfislega mikilvægra fjármálafyrirtækja og banka séu ekki lagðar á stofnunina að óþörfu þar sem þær myndi gera rekstur hennar óþarflega flókinn og dýran.“*

Byggingastofnun ítrekar hér með þessa afstöðu sína.

Virðingarfyllst  
f.h. Byggingastofnunar

Aðalsteinn Þorsteinsson  
forstjóri

